

Opið brjef

um að hans konunglega tign Haraldur, prins af Danmörku,
sje settur ríkisstóri.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Það Vjer höfum í hyggju að ferðast til Stokkhólms til þess að vera viðstaddir útför hennar hátignar Sophíu ekkjudrotningar setjum Vjer ríkisstjóra samkvæmt 1. gr. í lögum nr. 25, 11. febrúar 1871, um ríkisstjórn, þegar svo stendur á, að konungur er ekki orðinn fulltíða, eða er sjúkur eða fjærverandi, bróður Vorn elskulegan, hans konunglega tign Harald Christián Frederik, og hefur hann ríkisstjórn á hendi í Voru nafni frá þessum degi, þangað til Vjer komum heim aftur.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 6. janúar 1914.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Zahle.

Konungleg auglýsing

um að konungur sje kominn heim aftur og tekinn við ríkisstjórn.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Eftir að Vjer erum aftur heim komnir úr ferð Vorri til Stokkhólms kunngjörum Vjer hjer með Vorum kæru og trúu þegnum, að Vjer höfum sjálfir í dag tekið við ríkisstjórninni, sem Vjer með opnu brjefi 6. janúar 1914 samkvæmt 1. grein í lögum nr. 25, 11. febr. 1871 höfðum falið bróður Vorum elskulegum, hans konunglegu tign Haraldi Christiáni Frederiki að hafa á hendi, sem ríkisstjóra, í fjærvist Vorri.

Gefið á Amaliuborg, 10. janúar 1914.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Zahle.